



Velferðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. júní 2022

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025

Íslandsdeild Amnesty International fagnar framkominni þingsályktunartillögu. Í tillögunni eru áform um samræmda þjónustu við fólk með alþjóðlega vernd á Íslandi þar sem lögð er áhersla á andlega heilsu og virka þátttöku í samfélaginu og fræðslu til flóttafólks, umsækjenda um alþjóðlega vernd og fagaðila sem koma að þjónustu við flóttafólk. Þá er áætlað að auka þjónustu við flóttafólk á vinnumarkaði, fræða það um réttindi og skyldur og þar með auka líkur á að komið verði í veg fyrir undirboð á vinnumarkaði og aðra misnotkun.

Gríðarlegar breytingar eiga sér stað jafnt og þétt í þessum málaflokki og er því mikilvægt að þróa innviðina í takt við þær. Deildin fagnar þeim skrefum sem tekin eru til þess að bæta úr aðstæðum innflytjenda og flóttafólks hér á landi og að þeim verði tryggð lögbundin mannréttindi.

Deildin fagnar sérstaklega áformum í 5. stoð áætlunarinnar um flóttafólk. Þar segir m.a. að áhersla verði lögð á að flóttafólk fái nauðsynlega aðstoð til virkrar þátttöku í samfélaginu, hvort sem er á vinnumarkaði, til náms eða á öðrum sviðum. Lögð verði áhersla á aukinn stuðning og jafna þjónustu við flóttafólk. Þá er talað um að þjónusta við flóttafólk verði styrkt með innleiðingu og eftirfylgni á samræmdu móttökukerfi fyrir flóttafólk í samvinnu við móttökusveitarfélög, Vinnumálastofnun, Fjölmenningssetur og félagsamtök sem vinna að málefnum flóttafólks. Deildin vill nota tækifærið og hvetja stjórnvöld til að innleiða ferli Bakhjarla flóttamanna (e. Community sponsorship) í umrætt móttökukerfi.

Bakhjarlar flóttamanna

Kjarni hugmyndarinnar á bakvið Bakhjarla flóttamanna er sameiginleg ábyrgð borgaralegs samfélags og ríkisins í aðlögun/inngildingu flóttafólks. Um er að ræða ferli þar sem einstaklingar úr hópi almennra borgara, hópar eða samfélög bjóða fjárhagslega, sálræna og hagnýta aðstoð við móttöku og aðlögun/inngildingu flóttafólks í eigin landi yfir tilgreint tímabil. Undanfarin ár hafa Bakhjarlar flóttafólks vakið stigvaxandi athygli og sífellt fleiri ríki bæði innan og utan Evrópu tekið upp þessa leið. Með því móti hafa þau meðal annars mætt alþjóðlegum skuldbindingum sínum um að tryggja fleiri öruggar og lagalegar leiðir og tekið á móti fleira flóttafólki. Sýnt hefur verið að Bakhjarlar flóttafólks auðveldar aðlögun/inngildingu flóttafólks þar sem bakhjarlar eru formlegur og dyggur stuðningshópur sem dregur úr félagslegri einangrun flóttafólks, fordómar og hatúr í garð útlendinga minnka, samfélagsgerðin styrkist og flóttafólk lærir tungumálið fyrr. Þá verður einnig fjárhagslegur sparnaður fyrir ríkið þar sem bakhjarlar bera oft einhverja fjárhagslega ábyrgð á móttöku og aðlögun/inngildingu flóttafólksins. Íslandsdeild Amnesty International hvetur íslensk stjórnvöld til að

**AMNESTY
INTERNATIONAL**



skoða af einurð og alvöru að innleiða Bakhjarla flóttafólks inn í fyrirhugað móttökukerfi flóttamanna hér á landi.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar því að nú skuli stefnt að gerð langtímastefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og fjölmennningar. Deildin lýsir yfir vilja og áhuga til samráðs varðandi aðgerðir í áætluninni og eru fulltrúar hennar reiðubúnir að mæta fyrir velferðarnefnd og gera grein fyrir ofangreindum sjónarmiðum. Að lokum þykir deildinni miður að hafa ekki fengið umrædda þingsályktunartillögu til umsagnar og hvetur til að henni verði bætt við lista umsagnaraðila í málum er varða flóttafólk og mannréttindi almennt.

Virðingarfyllst

Anna Lúðvíksdóttir

Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International